

að dóm um þetta atriði, snertandi rjett eiganda lax-veiðarinnar í Elliðaánum og Elliða-árvogi, er eigi hafði komið fyrir sáttanefnd og eigi verið stefnt (gagnstefnt) um.

Með því að áfrýjandi eigi hefur talið aðrar ástæður en hinar framangreindu fyrir ómerkingarkröfu sinni og eigi er tilefni til þess að ónýta dóminn ex officio, ber að staðfesta hann samkvæmt kröfu hinna stefndu. Eptir atvikum þykir rjett, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera ó-raskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 29. maímánaðar.

Nr. 13/1893:

Hið opinbera  
gegn  
Þorsteini Jónssyni.

D ó m u r:

Í máli þessu, sem höfðað er innan Suður-Múlasýslu gegn Þorsteini Jónssyni fyrir ólöglega sveitaverzlun, er hann með aukarjettardómi nefndrar sýslu, gengnum 20. okt. f. á., sýknaður og málskostnaður dæmdur af almannafje.

Mál þetta hefur, þótt fara hefði átt með það samkvæmt lögum 7. nóv. 1879, 6. gr. sem opinbert lög-reglumál verið rekið og, eins og áður er sagt, dæmt fyr-

ir aukarjetti; en með því að öðru leyti hefur verið farið með það sem opinbert lögreglumál, virðist ekki þurfa að ónýta meðferð þess og dóminn í því. Það er sannað í málinu, að hinn kærði hefur selt og látið selja nokkuð af timbri og fáar álnir af vaðmáli. Timbur það, sem hann seldi, voru sumpart leifar af timbri, er hann hafði útvegað í Noregi samkvæmt beiðni hlutaðeigandi sóknarnefndar til kirkjubyggingar; hafði nefndin ekki tiltekið, hve mikið af timbri hann skyldi útvega henni, og gat kærði því eigi með vissu vitað, á hve miklu timbri hún þyrfti að halda, og pantaði því svo mikið, að hann ætti víst, að mundi nægja; sumpart hafði hann lofað nokkrum einstökum mönnum að útvega þeim timbur; og þótt svo virðist, sem sá, er afhenti timbrið fyrir hann, hafi látið einn eða fleiri menn fá eitthvað lítilsháttar af timbri, án þess að þeir hefðu pantað það, þá verður kærða ekki gefin sök á því, og það því síður, sem þeir fengu timbrið fyrir sama verð og Þorsteinn hafði keypt það, að viðbættum flutningskostnaði og uppskipun, og er það yfir höfuð að tala ekki sannað í málinu, að kærði hafi sjálfur haft eða ætlað sjer að hafa neinn hagnað eða ábata af þessari timburútvegum eða pöntun, eða sölunni á því timbri, er var fram yfir það, sem hann hafði verið bedinn um að útvega. Loks hefur hann selt nokkrar leifar af timbri, er hann hafði keypt af hjer búsettum Norðmanni til húsabyggingar; en heldur ekki sú sala verður eptir atvikum skoðuð sem verzlun, og svo er og um nokkrar fáar álnir af vaðmáli, er hann hafði fengið hjá kaupmanni einum, og sem hann ljot fyrir lægra verð en kaupmaðurinn seldi það. Það virðist því rjett, að kærði er sýknaður í málinu og málskostnaður dæmdur af al-

mannafje. Á rekstri málsins hefur staðið mjög lengi. Þannig hefur liðið fram undir ár frá því amtið skipaði málshöfðunina og þangað til málið var dæmt, og er þessi dráttur á málinu ekki rjettlættur af hjeradsdómaranum. Samt sem áður virðist eptir atvikum ekki alvel næg ástæða til að láta hjeradsdómarann sæta ábyrgð fyrir. Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögleg.

Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 5. júníánaðar.

Nr. 51/1892:

E. Egilsson

gegn

Jóni J. Breiðfjörð.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeradi af hreppstjóra í Vatnsleysustrandarhreppi, Jóni J. Breiðfjörð, gegn E. Egilsson út af uppboðsskuld. Var það dæmt í gestarjetti Reykjavíkur 20. desbr. f. á. með þeim úrslitum, að